

Hreint út sagt

Bókarhöfundur: **Svavar Gestsson.**

Bókarheiti: **Hreint út sagt.**

Gagnrýnandi: **Arnar Þór Músson stjórnmálafræðingur.**

Útgáfa: **JPV útgáfa, Reykjavík 2012, 426 bls.**

Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„*Hreint út sagt* er fróðleg og góð bók en hafa verður í huga að um er að ræða sjálfsævisögu. Hún er vel skrifuð og fengur fyrir áhugafólk um stjórnmál og vinnubrögð í stjórnmálum, hvar í flokki sem það stendur. Úr frásögninni má lesa athyglisverða sögu um átakahefð í pólitík og völd hagsmunaaðila sem lengi hafa einkennt íslensk stjórnmál. Höfundur tók fullan þátt í þessu skipulagi og segir það hreint út í bókinni. Fyrir þá sem nú starfa í stjórnmálum er gagnlegt að velta þeim hlutum fyrir sér og hvort þeir vilji gera breytingar þar á.“

Átök og samstilling

Í hvaða tilgangi eru sjálfsævisögur skrifaðar? Hvert er heimildargildi þeirra? Man höfundurinn alla viðburði frá barnæsku fram til fullorðinsára? Stenst það sem sett er fram nánari skoðun ef borið er saman við aðrar heimildir? Hverju er sleppt? Hvar eru hlutirnir fegraðir? Er reynt að hafa áhrif dóm sögunnar? Þessar spurningar og fleiri eru áleitnar við lestur sjálfsævisagna og nauðsynlegt að vera meðvitaður um takmarkanir þeirra sem heimilda. Sjálfsævisögur veita þó innsýn í huga höfunda, gefa mynd af persónuleika þeirra og lýsa þeirra sýn á atburði og eru þannig hluti af því að skilja betur söguna. Sjálfsævisaga Svavars Gestssonar er vel skrifuð og heldur lesandanum ágætlega við efnið – á rúmlega 400 blaðsíðum.

Mótunar árin

Svavar fæddist nokkrum dögum eftir stofnun íslenska lýðveldisins 1944. Fram á unglingsár ólst hann upp í hálfgerðu hokri og fátækt í Dölunum en þó um tíma í Reykjavík. Fjölskyldan fylgdi föður hans sem dreymdi um að verða bóndi í sveitina. Móðir hans var hins vegar aldrei alls kostar ánægð. Búskapurinn gekk illa og að lokum fluttist fjölskyldan aftur suður. Þá var Svavar reyndar fluttur að heiman til að mennta sig í Reykjavík. Misheppnuð tilraun fjölskylduföðursins til að koma á fót myndugu býli hafði áhrif á hvaða stefnu Svavar tók í lífinu. Hugur hans stefndi til þess að verða bóndi. Ef búskapurinn hefði gengið betur hefði það sennilega orðið, segir Svavar, og hann orðið framsóknarmaður.

Fleira hafði áhrif á viðhorf Svavars á mótunarárunum. Þegar honum var vikið úr MR fyrir að mæta ekki í um vikutíma vegna vinnu hugðist hann fara í Samvinnuskólann á Bifröst þar sem framsókn hafði mikil ítök. Hann var í slagtogi við fólk úr vinstri hreyfingunni og nokkrir félagar þar sannfærðu hann um að betra væri fyrir „málstaðinn og hreyfinguna“ (Æskulýðsfylkinguna, samband ungra sósíalista) að hann sættist við skólayfirvöld í MR og héldi þar áfram námi, sem hann og gerði. Þessir atburðir voru örlagaríkir og beindu honum inn á braut stjórnmalanna. Forgangsröðun í þágu hreyfingarinnar fylgdi honum allan stjórnálaferilinn og hafði einnig áhrif á einkalífíð.

Pólítískar skoðanir Svavars eru í mótun upp úr 1960. Hann segist fyrst og fremst hafa verið herstöðvaandstaðingur og átti um tíma samleið með skoðunum Hannibalista, en yfirgaf ekki flokkinn eins og margir sem fóru yfir á I-lista þeirra. Einar Olgeirsson tók þátt í að skóla Svavar í Marx-Lenínískum fræðum – eins og annað ungt fólk sem tengdist æskulýðsfylkingunni. Að sögn Svavars varð hann þó aldrei hreintrúa. Stutt námsdvöl í Austur-Þýskalandi veturinn 1967-1968 virðist heldur ekki hafa haft þau áhrif sem nestorarnir í hreyfingunni vildu. Svavar varð síðan harður á þeirri línu að slíta tengslin við Sovétríkin, sérstaklega eftir eftir innrásina í Tékkóslóvakíu 1968. Sama ár tók hann þátt í stofnun Alþýðubandalagsins sem stjórnmalaflokks (hafði áður verið kosningabandalag) og hóf vinnu sem blaðamaður – áróðursmeistari eins og hann orðar það sjálfur – á flokksmálgagni Alþýðubandalagsins, Þjóðviljanum. Þar með er hann kominn í Flokkinn.

Fyrsti hluti bókarinnar um uppvaxtarárin, kröpp kjör í sveit og borg og upplifun hans sjálfs af því hvernig hann myndar sér pólítískar skoðanir og sannfæringu er áhuga-verður. Hann er heiðarlegur í lýsingum sínum og þar má greina ákveðinn trega, t.d. varðandi það að hafa ekki lokið námi. Hreyfingin krafðist mikils og eins stofnaði hann fjölskyldu ungunn sem hafði áhrif á þær ráðagerðir. Þarna er ekki upphafning á aðstaðum eins og sjálfsævisöguritarar eiga sumir vanda til heldur fremur raunsönn lýsing.

Áróðursmeistari og stjórnmalamaður

Svavar verður síðan ritstjóri á Þjóðviljanum og stýrir blaðinu allar götur þar til hann fer fyrst á þing 1978 og þá beint í ríkisstjórn sem viðskiptaráðherra og sat sem slíkur í eitt ár. (Ekki kom til greina að hann yrði samgönguráðherra að mati formanns Alþýðubandalagsins þar sem hann var úr Reykjavík og þar þarf ekki samgöngur.) Það kom Svavari á óvart hversu mikil höft voru enn á viðskiptalífínu og smæstu ákvarðandi þurfti að bera undir ráðherra s.s. kaup einkafyrirtækja á skipum. Svavar sat á Alþingi í ríflega 20 ár þar til hann varð sendiherra, fyrstur Alþýðubandalagsmanna. Auk þessa árs sem hann var viðskiptaráðherra í upphafi þingmannsferils síns var hann heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1980-1983 og menntamálaráðherra 1988-1991.

Áróðursmeistarinn á Þjóðviljanum og síðar stjórnmalamaðurinn Svavar lifði og starfaði í þágu flokksins. Fjölskyldulífíð leið að einhverju leyti fyrir þetta. Hann segir frá því hvernig hann aðhylltist svokallaða samstillingu sem fólst í að hvað sem á gengi skyldi reyna að ná hreinni og beinni línu í flokknum í flestum málum. Þetta kostaði mörg samtöl og fundi. Þegar á leið 9. áratuginn kom upp óeining í flokknum um þessa nálgun í flokksstarfinu. Ólafur Ragnar Grímsson var á öndverðum meiði við Svavar um stjórn-

hætti flokksins og boðaði þá kenningu að átök væru farsæl og heilbrigð leið til að skiptast á skoðunum innan stjórnmálaflokka. Ekki er annað að sjá en að sá sem helst hagnaðist á átakakenningunni hafi verið boðberi hennar, sjálfur Ólafur Ragnar Grímsson. Svavar er ekki hrifinn af þessum fyrrum samstarfsmanni sínum. Sem dæmi um það er lýsing á viðbrögðum Svavars og hans fólks eftir að Ólafur vann Sigríði Stefánsdóttur í formanns­slag í Alþýðubandalaginu 1987. Þegar úrslitin lágu fyrir ákváðu Svavar og hans menn að láta Ólafi eftir önnur forystuembætti í flokknum (varaformann, gjaldkera og ritara), „því það væri ekki leggjandi á nokkurn mann að starfa hið næsta honum“. Eins segir Svavar að fáir úr þingflokki Alþýðubandalagsins hafi stutt Ólaf til forseta 1996.

Frásögn af átökunum innan Alþýðubandalagsins birtist þegar 1987 í bók Óskars Guðmundssonar en áhugavert er að fá sjónarhorn Svavars á atburðum. Ekki nægði að sannfæra flokksmenn um að ganga í takt í tilteknum málum heldur lýsir Svavar því hvernig nær öll mál, allt frá stjórnarmyndun til aðgerða ráðherra, þurftu að bera undir verkalýðshreyfinguna. Á hægri vængnum var flestallt borið undir atvinnurekendur. Þannig réðu hagsmunaaðilar miklu á þessu tímabili og gera kannski enn, þótt ítök þeirra hafi minnkað. Þá börðust stjórn og stjórnarandstaða hatramlega á Alþingi og Svavar gaf ekki eftir í þeirri baráttu. Þótt Svavar og hans fólk aðhylltust samstillingu innan flokksins virðist það ekki hafa átt við um samskipti stjórnar og stjórnarandstöðu. Átakahefðin á Alþingi sem mikið er rætt um nú var engu minni 1978-1999 þegar Svavar sat á Alþingi.

Þegar uppgjör Svavars við feril sinn sem stjórnmálamaður er lesið vakna spurningar um hvort tilgangurinn sé að draga upp nýja mynd af viðfangsefni bókarinnar, höfundinum. Á stöku stað segist hann hafa haft frjálfslyndari viðhorf en flokkurinn en þó barist fyrir hönd flokksins í þeim málum. Þannig er kannski auðvelt að réttlæta ákvarðanir sem nú virðast furðulegar. Því fer þó fjarri að bókin sé allsherjar réttlæt­ingar­lofrulla, eins og áberandi er hjá sumum sjálfsævisöguriturum. Þvert á móti er höfundur heiðarlegur og sums staðar örlar á sjálfs­gagnrýni. Ánægjulegt er að sjá dregnar saman vangaveltur um hvað hefði mátt gera á annan hátt í stjórnartíð Svavars (bls. 355). Þá eru lýsingar hans á vinnulagi ríkisstjórna og því hvernig ráðherrar eiga samskipti á ríkisstjórnarfundum fróðlegar og ættu að vekja stjórnmálamenn til umhugsunar um hvernig þeir vilja að landinu sé stjórnað á hverjum tíma. Hugtökin samstilling og átök koma aftur upp í hugann.

Sendiherrann

Um fjöllunin um árin sem sendiherra er stundum skemmtileg en vekur ekki jafnmikinn áhuga og fyrri hluti bókarinnar sem er fjarlægari í tíma. Svavar dregur ekki dul á að hann hafi átt frumkvæðið að því að verða sendiherra sem þáverandi ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks virðist hafa tekið fegins hendi. Með skipan hans sem sendiherra hafa hagsmunir beggja, þ.e. Svavars og ríkisstjórnarinnar verið tryggðir. Svavar stóð á tímamótum og óljóst hvert hlutverk hans yrði eftir umbreytingar á vinstri vængnum með stofnun Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Svavar vildi ná öllum saman í einn flokk sem ekki varð. Hann var tilbúinn til að skipta um starfsvettvang og ekki hefur ríkisstjórninni þótt eftirsjá í að þurfa að glíma við þennan öfluga stjórnarandstæðing. Lýsingar Svavars á hefðum og venjum utanríkisþjónustunnar

eru skemmtilegar. Hann gerir grín að stöðu sinni þar sem fyrrverandi formaður Alþýðubandalagsins, sem fékk hvorki fyrr né síðar utanríkisráðuneytið. Svo virðist sem ekki hafi allir innan þjónustunnar tekið honum með húrrahrópum. Það snýst þó líklega ekki aðeins um stjórnmálaskoðanir heldur hefur alltaf verið umdeilt innan utanríkisþjónustunnar þegar fólk utan hennar er valið beint í stöður sendiherra.

Í lok bókarinnar fjallar Svavar um tvö verkefni sem honum voru falin í lok sendiherratíðar sinnar sem bæði hafa verið umdeild í þjóðfélagsumræðunni. Það er annars vegar framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og hins vegar samningur við Hollendinga og Breta vegna Icesave. Svavar vann ötullega að framboði Íslands í Öryggisráðið og telur nokkuð víst að Ísland hefði náð sæti þar ef bankahrunið hefði ekki orðið í október 2008. Því til staðfestingar nefnir hann að 130-140 lönd hafi verið búin að lofa stuðningi sínum. Þetta verður að teljast hæpin fullyrðing, sérstaklega ef litið er til þess að Finnland, sem taldi sig hafa sama stuðning og lenti ekki í hruni 2012, tapaði það ár í kosningum til Öryggisráðsins (það lá þó ekki fyrir þegar bókin var gefin út). Það eru greinilega ekki allir viðhlæjendur vinir þegar kemur að kosningum til Öryggisráðsins. Hvað Icesave varðar heldur Svavar mikilvægum staðreyndum til haga í allri þeirri óöguðu umræðu sem átt hefur sér stað um málið. Tilgangur hans er klárlega að verja hendur sínar og kannski ekki að ósekju. Þessi saga öll verður gerð upp síðar. Sú staðhæfing Svavars að hann hafi ekki verið fenginn í málið vegna stjórnmálategsla sinna verður þó að teljast hæpin.

Lokaorð

Hreint út sagt er fróðleg og góð bók en hafa verður í huga að um er að ræða sjálfsævisögu. Hún er vel skrifuð og fengur fyrir áhugafólk um stjórnmál og vinnubrögð í stjórnmálum, hvar í flokki sem það stendur. Úr frásögninni má lesa athyglisverða sögu um átakahefð í pólitík og völd hagsmunaaðila sem lengi hafa einkennt íslensk stjórnmál. Höfundur tók fullan þátt í þessu skipulagi og segir það hreint út í bókinni. Fyrir þá sem nú starfa í stjórnmálum er gagnlegt að velta þeim hlutum fyrir sér og hvort þeir vilji gera breytingar þar á.

Í bókarlok kemur fram að Svavar er nokkuð sáttur við lífið í dag þótt ekki hafi það alltaf verið svo, eins og gengur. Hann barðist af afli fyrir hugsjónum en getur nú litið yfir sviðið án kreddu. Ég sakna þess að hann ákveður að segja ekki frá afstöðu sinni til mála sem nú eru efst á baugi, t.d. ESB sem hann segir að sé utan ramma þessarar bókar. Í þeim efnum er hann að mínu mati of tillitsamur við þá sem tóku við keflinu innan vinstri hreyfingarinnar á Íslandi í dag. Greinilega enn samstillingarsinni. Svavar fjallar þó um þingræðið og mikilvægi stjórnmálaflokka. Það er brýn umræða þegar uppi eru hugmyndir um að breyta stjórnarskránni. Í þeim efnum erum við Svavar algjörlega sammála.

Almennt hefur Svavari tekist vel upp við ævisöguritun sína. Hann er heiðarlegur og segir frá ýmsu sem betur hefði mátt fara. Dregin er upp mynd af manni sem mótaðist af aðstæðum sínum og félagsskap, barðist af krafti fyrir hugsjónum en var einnig praktískur, bæði fyrir flokkinn sinn og sjálfan sig. Lesandinn kann vel við Svavar eftir lesturinn og þá er kannski megintilgangi með ritun sjálfsævisögunnar náð.